

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

Nr. 29

við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins

32. árgangur

8.5.2025

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2025/EES/29/01		Auglýsing Eftirlitsstofnunar EFTA um endurkröfuvexti sem reikna ber við endurheimtu ríkisaðstoðar og viðmiðunar- og afreiknivexti fyrir EFTA-ríkin sem gilda frá 1. janúar 2025	1
2025/EES/29/02		Eftirlitsstofnun EFTA Framseld ákvörðun nr. 019/25/COL frá 26. febrúar 2025 um breytingu á II. viðauka við ákvörðun nr. 203/21/COL, varðandi samþykki á innlendum ráðstöfunum Noregs og Íslands sem miða að því að takmarka áhrif tiltekinna sjúkdóma í lagardýrum í samræmi við 3. mgr. 226. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429	2
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	ESB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2025/EES/29/03		Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11602 – SES/INTELSAT) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	5
2025/EES/29/04		Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11830 – UNICREDIT/ BANCO BPM)	6
2025/EES/29/05		Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11896 – CARNIVAL/RCCL/ MSC/GBSY JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	7
2025/EES/29/06		Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11944 – MMG LIMITED/ ANGLO AMERICAN'S BRAZILIAN NICKEL BUSINESS) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	8
2025/EES/29/07		Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11983 – INFLEXION/ 65 EQUITY PARTNERS/KEE SAFETY) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	9

2025/EES/29/08	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11515 – VEOLIA ENVIRONNEMENT/UNIPER HUNGARY ENERGETIKAI)	10
2025/EES/29/09	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11570 – MIDEA/ARBONIA)	10
2025/EES/29/10	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11663 – NOKIA/INFINERA)	11
2025/EES/29/11	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11725 – VALEO FOODS/IDC HOLDING)	11
2025/EES/29/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11955 – APAX PARTNERS/NORVA24 GROUP)	12
2025/EES/29/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11960 – BWGI/VERALLIA)	12
2025/EES/29/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11962 – ACTIS/EDF/BHARAT GRID)	13
2025/EES/29/15	Ríkisaðstoð – Frakkland – Ríkisaðstoð SA.109662–(2024/C) (áður 2023/N) – Breyting á aðstoð vegna endurskipulagningaráætlunar Corsair – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	14
2025/EES/29/16	Heimild til að veita ríkisaðstoð skv. 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins – Mál sem framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum við	15
2025/EES/29/17	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar skv. 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir sem lagðar eru á í tengslum við áætlunarflug	16
2025/EES/29/18	Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar skv. 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug	17
2025/EES/29/19	Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar skv. 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaþjónustukvaðir	18
2025/EES/29/20	Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar skv. 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaþjónustukvaðir	19
2025/EES/29/21	Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar skv. 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaþjónustukvaðir	20
2025/EES/29/22	Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar skv. 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir sem lagðar eru á í tengslum við áætlunarflug	21

Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar skv. 5. mgr. 17. gr. reglugerðar
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um rekstur
flugþjónustu í Bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við
almannaþjónustukvaðir

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Auglýsing Eftirlitsstofnunar EFTA um endurkröfuvexti sem reikna ber við endurheimtu ríkisaðstoðar og viðmiðunar- og afreiknivexti fyrir EFTA-ríkin sem gilda frá 1. janúar 2025

2025/EES/29/01

Birt í samræmi við reglur um viðmiðunar- og afreiknivexti sem fram koma í VII. hluta leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA og 10. gr. ákvörðunar ESA nr. 195/04/COL frá 14. júlí 2004 ⁽¹⁾

Grunnvextir eru reiknaðir í samræmi við ákvæði kaflans um aðferð við útreikning viðmiðunar- og afreiknivaxta í leiðbeinandi reglum ESA um ríkisaðstoð, með áorðnum breytingum samkvæmt ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar nr. 788/08/COL frá 17. desember 2008. Við útreikning gildandi viðmiðunarvaxta er viðeigandi álagi bætt við grunnvextina í samræmi við leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð.

Grunnvextirnir eru ákvarðaðir sem hér segir:

	Ísland	Liechtenstein	Noregur
1.1.2025 –	9,27	1,64	4,71

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 139, 25.5.2006, bls. 37 og EES-viðbætur nr. 26, 25.5.2006, bls. 1.

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

2025/EES/29/02

Framseld ákvörðun nr. 019/25/COL

frá 26. febrúar 2025

um breytingu á II. viðauka við ákvörðun nr. 203/21/COL, varðandi samþykki á innlendum ráðstöfunum Noregs og Íslands sem miða að því að takmarka áhrif tiltekinna sjúkdóma í lagardýrum í samræmi við 3. mgr. 226. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með vísan til samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum e-liðar 1. mgr. 1. gr., 2. mgr. 1. gr. og 3. gr. bókunar I við samninginn,

með vísan til gerðarinnar sem um getur í 13. tl. í hluta 1.1 í I. kafla I. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),

reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis („reglugerð (ESB) 2016/429“) ⁽¹⁾, ásamt breytingum og sértækri aðlögun og aðlögunarákvæðum á tilteknum sviðum sem vísað er til í I. viðauka við samninginn, einkum 226. gr., 2. mgr. 266. gr. og 2. mgr. 270. gr. lagagerðarinnar,

samkvæmt aðlögun að EES-samningnum í d-lið 4. tl. bókunar I við EES-samninginn.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (ESB) 2016/429 er settur lagarammi um forvarnir og varnir gegn sjúkdómum sem geta borist í dýr eða menn. Með 1. mgr. 226. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um að Ísland og Noregi sé heimilt að gera landsráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að sjúkdómur sem vísað er til í d-lið 1. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar berist þangað eða til að varna útbreiðslu hans, ef um er að ræða sjúkdóm sem skapar umtalsverða hættu fyrir heilbrigði lagareldisdyra í viðkomandi EES-ríki. Sjúkdómar aðrir en skráðir sjúkdómar sem vísað er til í d-lið 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 eru sjúkdómar í lagardýrum sem ekki eru tilgreindir í neinum þeirra flokka sem skráðir eru samkvæmt 1. mgr. 9. gr. („óskráðir sjúkdómar“).
- 2) Sú krafa er gerð með 2., 3. og 4. mgr. 226. gr. reglugerðarinnar að Noregur og Ísland tilkynni Eftirlitsstofnun EFTA („eftirlitsstofnuninni“) fyrir fram um allar fyrirhugaðar landsráðstafanir og er einnig kveðið á um að eftirlitsstofnunin skuli samþykkja slíkar ráðstafanir ef nauðsynlegt er að takmarka tilflutninga milli Noregs eða Íslands og annarra EES-ríkja til að koma í veg fyrir að viðkomandi sjúkdómur geti borist þangað eða til að varna útbreiðslu hans, að teknu tilliti til heildaráhrifa sjúkdómsins sem um er að ræða og þeirra aðgerða sem gripið er til á EES-svæðið.
- 3) Landsráðstafanir í Noregi eða á Íslandi sem eru samþykktar í samræmi við 3. mgr. 226. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/429 skulu gilda svo fremi að þær séu áfram viðeigandi og nauðsynlegar í því skyni að koma í veg fyrir að viðkomandi sjúkdómur geti borist til eða hefta útbreiðslu hans í viðkomandi landi.
- 4) Útrýmingaráætlanir sem eru samþykktar í samræmi við 3. mgr. 226. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 ættu að leiða til umbóta á sjúkdómsástandinu innan hæfilegs tíma. Gildistími útrýmingaráætlunar sem er samþykkt í samræmi við 3. mgr. 226. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 ætti því ekki að vera lengri en sex ár frá þeirri dagsetningu þegar eftirlitsstofnunin samþykkti hana upphaflega. Þessi hámarksgildistími er settur í því skyni að nægur tími sé til þess að ljúka útrýmingaráætluninni á sama tíma og komið er í veg fyrir óhóflega og langvarandi truflun á tilflutningi lagardýra á EES-svæðinu.
- 5) Í ákvörðun stofnunarinnar nr. 203/21/COL frá 16. júlí 2021 („ákvörðun nr. 203/21/COL“) er sett fram, í I. og II. viðauka við hana, skrá yfir svæði í Noregi og á Íslandi sem teljast laus við tiltekna óskráða sjúkdóms sem hafa áhrif á lagardýr eða sem falla undir útrýmingaráætlun vegna þessara sjúkdóma.

⁽¹⁾ Tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 179/2020 frá 11. desember 2020.

- 6) Noregur hefur upplýst stofnunina um að þann 13. Október 2024 var *Gyrodactylus salaris* staðfestur í laxaseiði í ánni Bergerelva í Buskerud sýslu. Noregur hefur því uppfært útrýmingaráætlun sína þannig að hún taki til þessa vatnasvæðis. Stofnunin hefur, í samræmi við 3. mgr. 226. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, metið upplýsingarnar sem Noregur lagði fram og er þess fullviss að ráðstafanirnar sem gerðar eru séu nauðsynlegar og viðeigandi til að verjast útbreiðslu sjúkdómsins.
- 7) Eftirlitsstofnunin samþykkir því landsráðstafanirnar sem stjórnvöld í Noregi hafa gripið til með þessari ákvörðun í samræmi við 3. mgr. 226. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429. II. viðauki við framselda ákvörðun nr. 203/21/COL, sem sýnir svæði í Noregi og á Íslandi þar sem gilda útrýmingaráætlanir vegna tiltekinnna sjúkdóma sem hafa áhrif á lagardýr og landsráðstafanir hafa verið samþykktar þeirra vegna í samræmi við 3. mgr. 226. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, breytist því í samræmi við það.
- 8) Hinn 21. febrúar 2025 lagði eftirlitsstofnunin, með framseldri ákvörðun sinni nr. 018/25/COL (skjal nr. 1512719), drög að ákvörðun fyrir EFTA-nefndina um heilbrigði dýra og plantna í samræmi við 3. mgr. 226. gr. og 2. mgr. 266. gr. reglugerðar 2016/429. Hinn 25. febrúar 2025 skilaði EFTA-nefndin um heilbrigði dýra og plantna jákvæðu álit um drögin að ákvörðun. Drögin að ákvörðun eru því í samræmi við álit nefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað texta II. viðauka við ákvörðun nr. 203/21/COL, komi textinn sem er að finna í viðaukanum við ákvörðun þessa.

Samsteypta útgáfu ákvörðunar nr. 203/21/COL er að finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA:

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún er undirrituð.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til stjórnvalda á Íslandi og í Noregi.

Gjört í Brussel,

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA, samkvæmt framseldri ákvörðun nr. 130/20/COL,

Árni Páll Árnason

Stjórnarmaður sem fer með málaflokkinn

Melpo-Menie Joséphidès

meðundirritar sem framkvæmdastjóri
lagaskrifstofu

Viðauki:

Svæði í Noregi og á Íslandi þar sem gilda útrýmingaráætlanir vegna tiltekinna sjúkdóma sem hafa áhrif á lagardýr og landsráðstafanir hafa verið samþykktar þeirra vegna í samræmi við 3. mgr. 226. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429

Sjúkdómur	EES-EFTA-riki	Númer	Landfræðileg afmörkun svæðisins sem landsráðstafanirnar eru samþykktar fyrir	Nr. ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA sem samþykkir landsráðstöfun
Smit af völdum <i>Gyrodactylus salaris</i> (GS)	Noregur	NO	- <i>Eftirfarandi vatnasvið í Møre and Romsdal:</i> Batnfjordselva, Driva, Litledalselva, Usma (Øksendalselva) og Gylelva. - <i>Eftirfarandi vatnasvið í Buskerud:</i> Drammenselva, Lierelva, Ebbestadelva og Bergerelva - <i>Eftirfarandi vatnasvið í Vestfold:</i> Vesleelva (Sandeelva) og Selvikvassdraget.	203/21/COL með áorðnum breytingum samkvæmt ákvörðun nr. 074/24/COL og 019/25/COL

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2025/EES/29/03

(mál M.11602 – SES/INTELSAT)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 29. apríl 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. og í kjölfar vísunar máls skv. 5. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- SES S.A. („SES“, Lúxemborg)
- Intelsat Holdings S.à.r.l. („Intelsat“, Lúxemborg), sem lýtur sem stendur yfirráðum Allianz SE (Þýskalandi)

SES öðlast yfirráð sér í lagi, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Intelsat í heild.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- SES á og starfrækir flota af staðbrautargervitunglum á sporbaug um jörðu og meðalstórum gervitunglum á sporbaug um jörðu.
- Intelsat á og starfrækir flota af staðbrautargervitunglum á sporbaug um jörðu.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild *Stjórnartíðinda ESB*, 8.5.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11602 – SES/INTELSAT

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11830 – UNICREDIT/BANCO BPM)

2025/EES/29/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 24. apríl 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- UniCredit S.p.A. („UniCredit“, Ítalíu)
- Banco BPM S.p.A. („Banco BPM“, Ítalíu)

UniCredit öðlast yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Banco BPM í heild.

Samruninn á sér stað með opinberu yfirtökuþilboði sem tilkynnt var 28. apríl 2025.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- UniCredit veitir smásölu-, viðskiptabanka-, einkabanka-, fjárfestingabanka-, eignastýringar- og tryggingaþjónustu á Ítalíu og um allan heim.
- Banco BPM veitir smásölu-, viðskipta-, fjárfestingabankastarfsemi, eignastýringu og tryggingaþjónustu.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild *Stjórnartíðinda ESB*, 6.5.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11830 – UNICREDIT/BANCO BPM

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stj.úð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11896 – CARNIVAL/RCCL/MSC/GBSY JV)

2025/EES/29/05

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 28. apríl 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Carnival Corporation („Carnival“, Panama), hluti af Carnival Corporation & plc (Englandi og Wales)
- Royal Caribbean Cruises Ltd. („RCCL“, Líberíu)
- MSC Cruises SA („MSC Cruises“, Sviss), sem lýtur yfirráðum MSC Mediterranean Shipping Company Holding SA (Sviss)
- Grand Bahamas Shipyard Ltd. („GBSY“, Bahamaeyjum), sem lýtur sameiginlegum yfirráðum Carnival og RCCL

Carnival, RCCL og MSC Cruises öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samruna-reglugerðarinnar, yfir GBSY.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Carnival er hluti af stærsta alþjóðlega skemmtisiglingafyrirtækinu og meðal stærstu tómstundaferða-fyrirtækjanna.
- RCCL er alþjóðlegt eignarhaldsfélag skemmtiferðaskipa sem rekur skemmtisiglingar undir þremur vörumerkjum í fullri eigu, Royal Caribbean International, Celebrity Cruises og Silversea Cruises. Félagið á einnig 50% hlut í sameiginlegu verkefni sem rekur þýsku vörumerkin TUI Cruises og Hapag-Lloyd Cruises.
- MSC Cruises er hluti af alþjóðlegu fyrirtæki sem stundar flutninga og vöruferliþjónustu.
- GBSY er sameiginlegt félag sem er nú þegar starfandi og rekur skipaviðgerðaraðstöðu í höfninni í Freeport á Bahamaeyjum.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samruna-reglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild *Stjórnartíðinda ESB*, 8.5.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11896 – CARNIVAL/RCCL/MSC/GBSY JV

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjóð. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11944 – MMG LIMITED/ANGLO AMERICAN'S BRAZILIAN
NICKEL BUSINESS)

2025/EES/29/06

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 25. apríl 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- MMG Limited („MMG“, Ástralíu), sem lýtur yfirráðum China Minmetals Corporation (Kína)
- brasilísk nikkelstarfsemi Anglo American („Anglo Nickel Brazil“, Brasilíu) sem lýtur yfirráðum Anglo American plc (Bretlandi)

MMG nær yfirráðum í heild, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Anglo Nickel Brazil í heild.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- MMG rekur og þróar verkefni með kopar, sink og aðra grunnmálma í Ástralíu, Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, Botsvana og Perú.
- Anglo Nickel Brazil stundar námugróft, vinnslu og sölu á nikkel.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild *Stjórnartíðinda ESB*, 7.5.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11944 – MMG LIMITED/ANGLO AMERICAN'S BRAZILIAN NICKEL BUSINESS

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11983 – INFLEXION/65 EQUITY PARTNERS/KEE SAFETY)
Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

2025/EES/29/07

1. Framkvæmdastjórninni barst 25. apríl 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Inflexion Privaty Equity Partners LLP („Inflexion“, Bretlandi)
- 65 Equity Partners Pte. Ltd. („65EP“, Singapúr) sem endanlega lýtur yfirráðum Temasek Holdings (Private) Limited (Singapúr)
- Kee Safety Group („Kee Safety“, Bretlandi) sem endanlega lýtur yfirráðum Intermediate Capital Group PLC („ICG“, Bretlandi)

Inflexion og 65EP öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Kee Safety í heild.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- 65EP er alþjóðlegt fjárfestingarfyrirtæki í Singapúr sem leitast við að styðja við stofnendur á vaxtarferð sinni. 65EP fjárfestir í rótgrónum millimarkaðsfyrirtækjum í eigu fjölskylda og frumkvöðla í Suðaustur-Asíu, Evrópu og Bandaríkjunum, þvert á neytenda-, iðnaðar-, viðskiptaþjónustu, heilbrigðis- og tæknigeirann.
- Inflexion er meðalstórt fjármagnsfyrirtæki með aðsetur í Bretlandi sem fjárfestir í rótgrónum fyrirtækjum í miklum vexti fyrir minnihluta eða meirihluta með u.þ.b. 11 milljarða punda eignir í stýringu og fjárfestir beint eða óbeint í 58 fyrirtækjum sem starfa á eftirfarandi sviðum: viðskiptaþjónustu, neytendamarkaði, fjármálaþjónustu, heilbrigðisþjónustu og menntun, iðnaði og tækni.
- Kee Safety er fyrirtæki með aðsetur í Bretlandi sem þróar, framleiðir, dreifir, setur upp og þjónustar fallvarnarbúnað og búnað fyrir öruggan aðgang um allan heim.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild *Stjórnartíðinda ESB*, 7.5.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11983 – INSEXION/65 EQU PARTNERS/KEE SAFETY

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja **2025/EES/29/08**
(mál M.11515 – VEOLIA ENVIRONNEMENT/UNIPER HUNGARY ENERGETIKAI)

Framkvæmdastjórnin ákvað 5. desember 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32024M11515. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja **2025/EES/29/09**
(mál M.11570 – MIDEA/ARBONIA)

Framkvæmdastjórnin ákvað 28. janúar 2025 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32025M11570. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11663 – NOKIA/INFINERA)

2025/EES/29/10

Framkvæmdastjórnin ákvað 26. febrúar 2025 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32025M11663. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11725 – VALEO FOODS/IDC HOLDING)

2025/EES/29/11

Framkvæmdastjórnin ákvað 13. desember 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32024M11725. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11955 – APAX PARTNERS/NORVA24 GROUP)

2025/EES/29/12

Framkvæmdastjórnin ákvað 22. apríl 2025 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32025M11955. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11960 – BWGI/VERALLIA)

2025/EES/29/13

Framkvæmdastjórnin ákvað 23. apríl 2025 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32025M11960. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11962 – ACTIS/EDF/BHARAT GRID)

2025/EES/29/14

Framkvæmdastjórnin ákvað 23. apríl 2025 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32025M11962. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjótt. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

RÍKISADSTOD – FRAKKLAND**2025/EES/29/15****Ríkisaðstoð SA.109662–(2024/C) (áður 2023/N) – Breyting á aðstoð vegna endurskipulagningaráætlunar Corsair****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum í Frakklandi, með bréfi dags. 11. apríl 2025, sem birt er á upprunalegu, fullgiltu tungumáli á eftir ágrípinu í C-deild *Stjórnartíðinda ESB*, [Stjtið. ESB C/2025/2490](#), 2.5.2025, þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á ofangreindum ráðstöfunum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Frestur hagsmunaaðila til að gera athugasemdir er einn mánuður frá því að ágríp þetta og eftirfarandi bréf birtist í Stjtið. ESB ([OJ C/2025/2490](#), 2.5.2025). Viðtakandi:

European Commission,
Directorate-General Competition
State Aid Greffe
1049 Bruxelles/Brussel
Stateaidgreffe@ec.europa.eu

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Frakklandi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir og/eða hluta athugasemdanna, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

**Heimild til að veita ríkisaðstoð skv. 107. og 108. gr. sáttmálans um
starfshætti Evrópusambandsins****2025/EES/29/16****Mál sem framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum við**

Málsnúmer	Aðildarríki	Landsvæði	Heiti aðstoðarkerfis (og/eða heiti aðstoðarþega)	Tilvísun birtingar í Stjórn. ESB
SA.116277	Austurríki	Austria	Austria's Participation in EU Hydrogen Bank Auction, Förderung der Erzeugung von erneuerbarem Wasserstoff nicht biogenen Ursprungs	C/2025/2462, 29.4.2025
SA.112763	Ítalía	Abruzzo	Aiuto compensativo e straordinario in favore di Sangritana S.p.A. per i danni subiti a seguito dell'alluvione del maggio 2023 in Emilia-Romagna - Art. 16 della L.R. 40/2023.	C/2025/2471, 29.4.2025
SA.106799	Spánn	EXTREMADURA	HAC - DIAMOND FOUNDRY EUROPE, S.L	C/2025/2480, 1.5.2025

Gildan texta þessara ákvarðana, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á: <https://competition-cases.ec.europa.eu/search?caseInstrument=SA>

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar skv. 4. mgr. 16. gr. reglugerðar
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur
um flugrekstur í Bandalaginu**

2025/EES/29/17

Almannaþjónustukvaðir sem lagðar eru á í tengslum við áætlunarflug

Aðildarríki	Frakkland
Flugleið	Poitiers-Lyon (Saint-Exupéry)
Gildistökudagur almannaþjónustukvaða	1. september 2025
Unnt er að nálgast textann, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða almannaðjónustukvöðina	Tilskipun frá 21. mars 2025 um almannaðjónustukvaðir í tengslum við flugþjónustu milli Poitiers og Lyon NOR: ATDA2508393A (https://www.legifrance.gouv.fr/jorf/id/JORFTEXT000051381033) Nánari upplýsingar veitir: Direction Générale de l'Aviation Civile DTA/SDS1 50 rue Henry Farman 75720 Paris Cedex 15 FRANCE Sími: +33 158094321

**Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar skv. 4. mgr. 16. gr. reglugerðar
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um
flugrekstur í Bandalaginu**

2025/EES/29/18

Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug

Aðildarríki	Ítalía
Flugleiðir	Ancona – Milanó Linate (báðar leiðir) Ancona – Róm Fiumicino (báðar leiðir) Ancona – Napólí (báðar leiðir)
Gildistökudagur almannaþjónustukvaða	1. nóvember 2025
Unnt er að nálgast textann, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða almannaðjónustu- kvöðina	Nánari upplýsingar veitir: Ministry of Infrastructure and Transport Department of Transport and Navigation Directorate-General for Airports, Air Transport and Satellite Services Via Giuseppe Caraci, 36 00157 Rome ITALY Sími: +39 0644127190 National Civil Aviation Authority (ENAC) Air transport and licensing department Viale Castro Pretorio, 118 00185 Rome ITALY Sími: +39 0644596532 Vefsetur: http://www.mit.gov.it http://www.enac.gov.it Netfang: dg.ta@pec.mit.gov.it osp@enac.gov.it

**Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar skv. 5. mgr. 17. gr. reglugerðar
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um
rekstur flugþjónustu í Bandalaginu**

2025/EES/29/19

Auglýsing um útbod á áætlunarflugi í samræmi við almannajónustukvaðir

Aðildarríki	Ítalía
Flugleiðir	Ancona – Róm Fiumicino (báðar leiðir)
Gildistími samningsins	Frá 1. nóvember 2025 til 31. október 2027
Frestur til að skila tilboðum	Tveimur mánuðum frá því að útbodsauglýsing þessi birtist í Stjóð. ESB C, C/2025/2597, 30.4.2025 .
Unnt er að nálgast texta útbodsauglýsingarinnar, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða opinbera útbodið og almannajónustukvaðirnar	National Civil Aviation Authority (ENAC) Air transport and licensing department Viale Castro Pretorio, 118 00185 Rome ITALY Sími: +39 0644596247 Netfang: osp@enac.gov.it Vefsetur: http://www.mit.gov.it http://www.enac.gov.it

**Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar skv. 5. mgr. 17. gr. reglugerðar
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur
um flugrekstur í Bandalaginu**

2025/EES/29/20

Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannajónustukvaðir

Aðildarríki	Frakkland
Flugleið	Poitiers–Lyon (Saint-Exupéry)
Gildistími samningsins	29. september 2025 – 28. september 2029
Frestur til að skila tilboðum	30. júní 2025 (kl. 12 að Parísartíma)
Unnt er að nálgast texta útboðsauglýsingarinnar, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða opinbera útboðið og almannajónustukvaðimar	Syndicat Mixte de l'Aéroport de Poitiers-Biard Place Aristide Briand CS 80319 86 008 Poitiers Cedex Bréfsími: +33 549629145 Netfang: smapb@departement86.fr Upplýsingar um kaupandann: https://www.marches-securises.fr

**Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar skv. 5. mgr. 17. gr. reglugerðar
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um
rekstur flugþjónustu í Bandalaginu**

2025/EES/29/21

Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannþjónustukvaðir

Aðildarríki	Ítalía
Flugleiðir	Ancona – Milánó Linate (báðar leiðir)
Gildistími samningsins	Frá 1. nóvember 2025 til 31. október 2027
Frestur til að skila tilboðum	Tveimur mánuðum frá því að útboðsauglýsing þessi birtist í Sjtið. ESB C, C/2025/2603, 30.4.2025 .
Unnt er að nálgast texta útboðsauglýsingarinnar, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða opinbera útboðið og almannþjónustukvaðirnar	National Civil Aviation Authority (ENAC) Air transport and licensing department Viale Castro Pretorio, 118 00185 Rome ITALY Sími: +39 06 44596247 Tölvupóstur: osp@enac.gov.it Vefsetur: http://www.mit.gov.it http://www.enac.gov.it

**Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar skv. 5. mgr. 17. gr. reglugerðar
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um
rekstur flugþjónustu í Bandalaginu**

2025/EES/29/22

Almannaþjónustukvaðir sem lagðar eru á í tengslum við áætlunarflug

Aðildarríki	Spánn
Flugleið	Menorca – Madrid
Gildistími samningsins	Frá 1. nóvember 2025 til 31. mars 2026
Frestur til að skila tilboðum	Ekki fyrr en tveimur mánuðum frá því að útboðsauglýsing þessi birtist í Stjtið. ESB C. C/2025/2602, 30.4.2025
Unnt er að nálgast textann, ásamt hvers kyns upplýsingum eða skjölum sem varða almannaðjónustukvaðirnar, hér:	Ministerio de Transportes y Movilidad Sostenible Dirección General de Aviación Civil Subdirección General de Transporte Aéreo Paseo de la Castellana 67 28071 Madrid ESPAÑA Sími: +34 915977837 Bréfsími: +34 915978643 Netfang: osp.dgac@transportes.gob.es

**Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar skv. 5. mgr. 17. gr. reglugerðar
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um
rekstur flugþjónustu í Bandalaginu**

2025/EES/29/23

Auglýsing um útbod á áætlunarflugi í samræmi við almannaðjónustukvaðir

Aðildarríki	Ítalía
Flugleiðir	Ancona – Napólí (báðar leiðir)
Gildistími samningsins	Frá 1. nóvember 2025 til 31. október 2027
Frestur til að skila tilboðum	Tveimur mánuðum frá því að útbodsauglýsing þessi birtist í Sjtið. ESB C, C/2025/2601, 30.4.2025 .
Unnt er að nálgast texta útbodsauglýsingarinnar, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða opinbera útbóðið og almannaðjónustukvaðirnar	National Civil Aviation Authority (ENAC) Air transport and licensing department Viale Castro Pretorio, 118 00185 Rome ITALY Sími: +39 06 44596247 Tölvupóstur: osp@enac.gov.it Vefsetur: http://www.mit.gov.it http://www.enac.gov.it